Nr. 23.
7.
nóvbr.

# Auglýsing

um

rjett kvenna til að njóta kennslu á prestaskólanum og um próf fyrir þær í guðfræði að loknu námi á skóla þessum.

Samkvæmt 2. gr. í tilskipun 4. desbr. 1886 um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og læknaskólans m. m., skulu hjer settar reglur um það, að hve miklu leyti námskonum er heimilt að taka þátt í kennslunni á prestaskólanum, og um námslokapróf fyrir þær.

1. gr.

Konum er heimilt að njóta kennslu á prestaskólanum í öllum þeim námsgreinum, sem þar eru kenndar, smbr. bráðabirgðar-reglugjörð fyrir skólann 30. júlí 1850 2. gr., nema í prjedikunarlist, kennimannlegri guðfræði og kirkjurjetti.

2. gr.

Námslokapróf skulu hinir föstu kennarar prestaskólans halda, og skal þá reyna námskonur í biblíuþýðingu, trúarfræði, siðafræði og kirkjusögu, svo ítarlega sem segir í áður greindri reglugjörð, 8. gr. Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hinum þrem fyrsttöldu námsgreinum, en í kirkjusögu aðeins munnlegt. Námskonur ganga og undir próf í barnaspurningafræði eptir því, sem prestaskólinn ákveður það nákvæmar.

Um prófið skal til tekin ein aðaleinkunn: 1. eða 2. einkunn. Námskonan hefur eigi staðizt prófið, nema hún hafi hlotið 2. einkunn að minnsta kosti.

# Bekjendtgjørelse

Nr. 23.
7de
Novbr.

om

## Kvinders Deltagelse i Undervisningen ved Dannelsesanstalten for vordende Gejstlige i Island samt om en Afslutningsprøve i Religion for kvindelige Studerende sammesteds.

I Overensstemmelse med Anordning af 4de Decbr. 1886 angaaende Kvinders Adgang til at underkaste sig Examiner ved den lærde Skole i Reykjavik, Dannelsesanstalten for vordende Gejstlige i Island m. m. § 2 fastsættes herved følgende Regler om det Omfang, i hvilket kvindelige Studerende skulle kunne deltage i Undervisningen ved Pastoralseminariet samt om en Afslutningsprøve for saadanne kvindelige Studerende.

§ 1.

Kvinder kunne deltage i Undervisningen i samtlige de Fag, der doceres ved Dannelsesanstalten for de vordende gejstlige Embedsmænd i Island jfr. Provisorisk Regulativ 30te Juli 1850 § 2, med Undtagelse af Homiletik, Pastoral-Theologi og Kirkeret.

§ 2.

Ved Afslutningsprøven, der afholdes af Pastoralseminariets faste Lærere, prøves Examinanderne i det Omfang, som er foreskrevet ved det nævnte Regulativs § 8, i Exegese, Dogmatik, Moral og Kirkehistorie. Prøven er i de 3 førstnævnte Fag saavel skriftlig som mundtlig, i det sidstnævnte Fag kun mundtlig. Examinanderne underkaste sig derhos efter Læreanstaltens nærmere Foranstaltning en kateketisk Prøve.

Udfaldet af Prøven betegnes ved en samlet Hovedkarakter: første eller anden Karakter. Kan den sidstnævnte Karakter ikke opnaas, er Prøven ikke bestaaet.

Nr. 23.
7.
nóvbr.

3. gr.

Það er skilyrði fyrir því að mega ganga undir próf það, er um getur í 2. gr., að námskonan hafi áður notið kennslu í forspjallsvísindum, leyst próf það af hendi, sem fyrir skipað er í þeirri grein og fengið einkunnina »vel« að minnsta kosti.

Þetta birtist hjermeð öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 7. nóvember 1887.*

*J. Nellemann.*

*A. Dybdal.*

## § 3.

Nr. 23.
7de
Novbr.

For at kunne indstille sig til den i § 2 omhandlede Prøve maa Vedkommende forinden have deltaget i Undervisningen i filosofisk Propædeutik og ved den heri anordnede Prøve have opnaaet idetmindste Karakteren „godt".

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

**Ministeriet for Island, den 7de November 1887.**

*J. Nellemann.*

---

*A. Dybdal.*